LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Helstu atriði frumvarpa um stjórn fiskveiða og veiðigjalda

Veiðigjald

1) 8 kr. grunngjald sem greiðist af hverju þorskígildiskílói – að lágmarki kr. 5.000
2) Sérstakt veiðigjald - bolfiskveiðar
   a) Af fyrstu 30 þorskígildistonnunum greiðist ekkert gjald
   b) Af næstu 70 greiðist hálft gjald (25 kr. miðað við afkomuna 2010)
   c) Af því sem er umfram 100 þorskígildistonn greiðist fullt (50 kr m.v. 2010)
3) Sérstakt veiðigjald verður 60% af rentu á næsta fiskveiðiári, 65% á fiskveiðiárinu 2013/2014 og 70% af rentu fullt gjald 2014/2015.

Kvótaleiga – öll leiga fer í gegnum kvótaþing

1) Lokað verður fyrir leigu úr aflamarkskerfinu niður í krókakerfið[1]
2) Heimilt að leigja frá sér án skilyrða 5% af úthlutuðu
3) Leiguréttur byggist upp með veiðum og verður að hámarki þriðjungur þess sem nýtt hefur verið á hverjum tíma. Dæmi: Bátur með 100 tonna aflamark, hefur veitt 75 tonn, getur þá framselt 25 tonn eða þriðjung af því sem veitt hefur verið.
4) Stofnaður verður nýr pottur – „Ráðstöfun til kvótaþings“ – veiðiheimildir leigðar gegnum kvótaþing, gert er ráð fyrir 15.500 ígildum á fiskveiðiárinu 2012/2013

Línuívilnun

1) Gert ráð fyrir að veiðiheimildir til hennar lækki um fjórðung
2) Ekki minnst á að vélabátar fái línuívinun
3) Línuívilnun verði ekki hlutdeildartengd
4) Þorskígildi til línuívilnunar skerðist um 8,3% á komandi fiskveiðiári

[1] Sjá nánar um afleiðingar í viðhengi merkt „Millifærslur – ýsað

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Byggðakvóti

1) Óbreytt fyrirkomulag við úthlutun
2) Sjónarmið um byggðaívilnun ekki inni í frumvarpinu
3) Veiðiheimildir skerðast um 50% á næsta fiskveiðiári
4) Ekki gert ráð fyrir að byggðakvóti komi aðeins til dagróðrabáta
5) Opnað fyrir sérstaka úthlutun í samráði við Byggðastofnun (minni byggðalög, óvænt skerðing aflaheimilda) til allt að þriggja ára í senn
6) Byggðakvóti verður ekki hlutdeildartengdur – hann eykst því ekki samfara þorskaflaukningu næsta fiskveiðiárs

Veiðiheimildir í pottana

1) Rofið verður samkomulag um að allar útgerðir leggi hlutfallslega jafnt í þorskígildum talið
2) Verði þorskkvótinn aukinn á næsta ári fara fyrstu 4.500 tonnin í pottinn „ráðstöfun til kvótaþings“.
3) Hlutdeildir verða skertar:
   a) þorskur 9,5%
   b) ýsa 6,9%
   c) ufsi 7,2%
   d) steinbítur 9,8%
   e) aðrar tegundir skerðast um 5,3%
4) Liður 3 þýðir á mannamáli að þó þorskkvótinn fari í 200 þús. tonn á næsta fiskveiðári mun hlutdeildin gefa sáralitla aflaaukningu
5) 40% aukningar umfram ákveðið mark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít fer í pottana. Viðmiðunarmörkin eru:
   a) þorskur 202 þús. tonn
   b) ýsa 66 þús. tonn
   c) ufsi 50 þús. tonn
   d) steinbítur 14 þús tonn

Aflahlutdeild

1) Framsal aflahlutdeildar afnumið 2032
2) Við sérhvert framsal aflahlutdeildar dragast 3% frá sem er ráðstafað í „pottana“

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

3) Ríkið hefur forkaupsrétt af aflahlutdeild fari hlutdeildin umfram 20% af heildarhlutdeild viðkomandi sveitarfélags miðað við stöðuna á fiskveiðiárinu 2012/2013
4) Hlutdeild sem aðili á rétt að færa skal miðast við hlutdeild hans í viðkomandi tegund á yfirstandandi fiskveiðiári. Dæmi: Sé aðili með 10% af þorskkvóta þessa fiskveiðiárs, segjum að kvótinn verði aukinn í 200 þús. tonn á næsta ári. Þá verður framsalsheimild hans miðuð við 177/200 = 88,5%. Framsalshlutur hans í heildarþorskkvótanum er því 8,85% en ekki 10% eins og hann er í dag.

Nýtingarleyfi

1) Hverju og einu skipi verður úthlutað nýtingarleyfi.
2) Skilyrði fyrir nýtingarleyfi er m.a. að viðkomandi hafi aflahlutdeild
3) Nýtingarleyfi gilda í 20 ár
4) Nýtingarleyfi rúlli á undan sér a.m.k. 15 árum
5) Óheimilt er að framselja nýtingarleyfi
6) Greiða skal gjald fyrir nýtingarleyfi

Ath. upptalning þessara 6 liða er ekki tæmandi

Ákvörðun heildarafla

1) Ráðherra ákveði heildarafla að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar
2) Ekki gert ráð fyrir að ráðherra hafi einnig til hliðsjónar þekkingu sjómanna

Strandveiðar

1) Verða með sama sniði og er í dag
2) Afli til strandveiða eykst ekki með auknum heildarafla
3) Ráðherra er heimilt að setja lágmarksdagafjölda fyrir hvern bát í maí og júní í því skyni að auka öryggi við strandveiða

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Nýtingarleyfi til nýliða

1) Heimilt verður að bjóða út nýtingarleyfi til nýliða frá og með fiskveiðiárinu 2015/2016
2) Með nýtingarleyfi mundu nýliðar þar með fá aflahlutdeild

Aflahlutdeildarþak

1) Stakkavík veittur frestur til að fara niður í núverandi mörk til 1. september 2013
2) Sett verður á fót nefnd til að endurskoða reglur um hámark á aflahlutdeild

ÖP / 4. apríl 2012

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is